

Frumvarp til laga

um

þyngd bakarabrauða.

(Lagt fyrir alþingi 1916.)

1. gr.

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum veitist heimild til að ákveða með samþykkt þyngd bakarabrauða, hver í sínum kaupstað eða sveit, og skal bökurum óheimilt að selja brauð með öðrum þunga en ákveðinn verður með tjeðri samþykkt.

Þó skal það ekki teljast brot á samþykktum þessum, þótt einstök brauð sjeu 2% ljettari eða þyngri en samþykktin tiltekur, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1%.

2. gr.

Í samþykktum þeim, er settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir 25—500 krónur fyrir brot. Sektir allar renna í hlutaðeigandi bæjarsjóð eða sveitarsjóð.

Með mál út af brotum skal farið sem með opinber lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Atugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með brjefi, dagsettu 12. okt. 1916, sendi borgarstjóri Reykjavíkur stjórnarráðinu frumvarp, er hann hafði samið um þyngd bakarabrauða, og fór fram á, að leitað yrði konungsstaðfestingar á bráðabirðalögum sama efnis. Stjórnin var sammála borgarstjóra og bæjarstjórn um þetta og bar því upp fyrir konungi bráðabirðalög þau, sem hjer eru prentuð sem fylgiskjal I. Að öðru leyti vísast til brjefs borgarstjóra, sem einnig er prentað hjer sem fylgiskjal II.

Fylgiskjal I.

Bráðabirðalög

um

þyngd bakarabrauða.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Stjórnarráð Íslands hefur tjáð Oss, að eigi sje lögákveðið, að bakarar á Íslandi selji brauð eftir vigti, en að venja hafi þó myndast í Reykjavík í þá átt, að rúgbrauð skuli vera 3 kilogrömm að þyngd. En með því að kvartanir hafi framkomið um það, að þessari venju væri nú eigi fylgt og rannsókn hafi leitt í ljós rjettmæti þessara kvartana, þá sje brýn nauðsyn að löggjafarvaldið setji þegar ákvæði, er heft geti misbrúkun í þessu efni, og að ákveðið verði, svo að eigi verði um vilst, hversu þung brauðin skuli vera. Teljum vjer því brýna nauðsyn að setja bráðabirðalög samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915 um þyngd bakarabrauða.

Því hjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum veitist heimild til að ákveða með samþykkt þyngd bakarabrauða, hver í sínum kaupstað eða sveit og skal bök-

urum óheimilt að selja brauð með öðrum þunga, en ákveðin verður með tjeðri samþykkt.

Þó skal ekki teljast brot á samþykktum þessum, þótt einstök brauð sjeu 2^o/_o ljetтари eða þyngri, en samþykktin tiltekur, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1^o/_o.

2. gr.

Í samþykktum þeim, sem settar verða samkvæmt þessum lögum, má ákveða sektir 25–500 krónur fyrir brot. Sektir allar renna í hlutaðeigandi bæjarsjóð eða sveitarsjóð.

Með mál útaf brotum skal farið sem með opinber lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Fylgiskjal II.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík, 12. október 1916.

Það er gamall siður hjer í Reykjavík sem annarsstaðar á landinu, að bakarar selji ekki brauð eftir vigt, heldur er ákveðið verð á hverju brauði, en jafnframt hefur venjan löghelgað þyngd brauða og þá sjerstaklega rúgbrauða. Hjer í Reykjavík t. d. eiga rúgbrauð samkvæmt þessari gömlu venju að vigta 3 kiló og verð brauða er miðað við þá þyngd.

Siðastliðið vor fóru að heyrast kvartanir um það, að rúgbrauð væru ljettari en 3 kíló, og varð það tilefni til þess, að jeg fjekk rannsóknarstofu landsins til að rannsaka þyngd rúgbrauða frá bökurum bæjarins. Fór þessi rannsókn fram þrisvar, í apríl, maí og júní og var í hvert skifti vigtað brauð úr 12 bakarium. Reyndust brauðin mjög misjöfn að þyngd. Aðeins þrjú brauð náðu ákveðinni 3gja kg. þyngd og ljettasta brauðið var 2700 grömm. Meðalþyngd allra brauðanna var 2892 grömm.

Er af þessum rannsóknum ljóst, að talsvert vantar á, að rúgbrauð hjer í bænum nái þeirri vikt, sem þeim er ætlað að hafa og sem verð þeirra er miðað við. Þegar brauðverðið er orðið 1 króna, einsog nú er, munar það talsverðu fje fyrir kaupendur, hvort brauðið vigtar 3000 grömm, eða aðeins 2700 grömm og er því nauðsynlegt að setja einhver lagaákvæði, er tryggja kaupendum rúgbrauða, að þeir fái fult ígildi brauðverðsins.

Um önnur brauð er það að segja, að ekki er eins föst venja, hver skuli vera þyngd þeirra, enda eru þau talsvert mismunandi hjá hinum einstöku bökurum og eigi ávallt jafnþung. Virðast hveitibrauð þannig yfirleitt vera minni nú í dýrtíðinni en áður, þótt verðið hafi hækkað og um þessi brauð má yfirleitt segja, að kaupendur vita eigi hve stórt brauð þeir geta vænst að fá fyrir ákveðið verð. Er einnig nauðsynlegt að tryggja kaupendum hveitibrauða, að þeir fái brauð, sem samsvara því verði, sem sett er upp fyrir þau.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur haft þetta mál til ihugunar og fól mjer að fara fram á það við hæstvirtan ráðherra, að sett yrðu bráðabirgðalög um þyngd bakariisbrauða og telur bæjarstjórnin mjög nauðsynlegt, að slík lög gætu komist í gildi nú þegar.

Jeg leyfi mjer því hjermeð að senda frumvarp til bráðabirgðalaga um þyngd bakariisbrauða og leyfi mjer að vænta þess, að yður mætti þóknast að annast um að slík lög verði gefin út nú þegar.

Frumvarpið ætlast til að lögin verði heimildarlög til að ákveða þyngd brauða, ekki aðeins fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur, heldur einnig fyrir aðrar bæjar- og sveitar-stjórnir, þar sem kunnugt er, að ástandið er líkt annarsstaðar og hjer, hvað þetta atriði snertir.

Allravirðingarfullst

K. Zimsen.

Til
ráðherra Íslands.